

**Stefnir – Scandinavian Fund**  
Útboðslýsing

Stefnir hf.  
Maí 2020

**EFNISYFIRLIT**

|  |    |
|--|----|
| <b>YFIRLÝSING</b> .....                                    | 3  |
| <i>Yfirlýsing rekstraraðila</i> .....                      | 3  |
| <b>HELSTU ATRÍÐI ÚR ÚTBODSLÝSINGU</b> .....                | 4  |
| <b>UPPLÝSINGAR UM SJÓÐINN</b> .....                        | 5  |
| <i>Starfsemi</i> .....                                     | 5  |
| <i>Rekstrarfélagið</i> .....                               | 5  |
| <i>Vörslufyrirtæki</i> .....                               | 6  |
| <i>Söluaðili</i> .....                                     | 6  |
| <i>Endurskoðandi</i> .....                                 | 6  |
| <i>Fjárfestingarstefna</i> .....                           | 7  |
| <i>Áhætta</i> .....  | 8  |
| <i>Almennt</i> .....                                       | 8  |
| <i>Áhættuflokkun</i> .....                                 | 8  |
| <i>Áhætta tengd fjármálagerningum</i> .....                | 8  |
| <i>Afleiðunotkun</i> .....                                 | 9  |
| <i>Aðrar áhættur tengdar fjárfestingu í sjóðnum</i> .....  | 9  |
| <i>Réttindi eigenda hlutdeildarskírteina</i> .....         | 10 |
| <i>Kaup og sala hlutdeildarskírteina</i> .....             | 11 |
| <i>Sölugengi og innlausnarvirði</i> .....                  | 11 |
| <i>Ársreikningur og hálfársuppgjör</i> .....               | 12 |
| <i>Skattamál</i> .....                                     | 12 |
| <i>Rekstrarkostnaður og þóknanir</i> .....                 | 12 |
| <i>Slit sjóðsins</i> .....                                 | 13 |
| <i>Viðauki I: Reglur Stefnis – Scandinavian Fund</i> ..... | 14 |
| <i>Viðauki II: Yfirlit yfir sjóði</i> .....                | 20 |

## YFIRLÝSING

### *Yfirlýsing rekstraraðila*

Útboðslýsing þessi er gerð til að koma á framfæri upplýsingum sem fjárfestum eru nauðsynlegar til þess að geta myndað sér skoðun á fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum Stefnir – Scandinavian Fund.

Sjóðurinn er rekinn af Stefni hf., kt. 700996-2479, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

Stefnir hf. lýsir því hér með yfir, að útboðslýsing þessi er gerð eftir bestu vitund, í fullu samræmi við staðreyndir og að engu mikilvægu atriði sé sleppt er gæti haft áhrif á mat á hlutdeildarskírteinum sjóðsins.

Reykjavík, 12. maí 2020. 



---

Jökull H. Úlfsson,  
framkvæmdastjóri

**HELSTU ATRIDI ÚR ÚTBODSLÝSINGU**

|                           |  |
|---------------------------|--|
| <b>Almennt</b>            | Sjóðurinn er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði. Verðbréfasjóðir hafa takmarkaðri fjárfestingarheimildir en fjárfestingarsjóðir. Fjárfestingarheimildir sjóðsins koma fram undir fjárfestingarstefnuhluta útboðslýsingarinnar. Kennitala sjóðsins er 430407-9880.<br>Sjóðurinn mun að stærstum hluta samstanda af bréfum fyrirtækja sem tilheyra Skandinavíu, en sjóðnum er þó heimilt að fjárfesta allt að 15% af eignum sínum í fyrirtækjum sem tilheyra Eystrasaltsríkjunum. |
| <b>Grunnmynt</b>          | Grunnmynt sjóðsins er evrur (EUR).   |
| <b>Starfsemi</b>          | Tilgangur sjóðsins er að veita viðtöku fé frá einstaklingum og lögaðilum til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt gildandi fjárfestingarstefnu sjóðsins.  |
| <b>Rekstrarfélag</b>      | Stefnir hf., kt. 700996-2479, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.  |
| <b>Vörslufyrirtæki</b>    | Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.  |
| <b>Söluaðili</b>          | Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.  |
| <b>Kaup- og sölugengi</b> | Gengi hlutdeildarskírteina sjóðsins mun breytast á sölutímabilinu í samræmi við breytingar á gengi verðbréfa og annarra fjármálagerna sem sjóðurinn á hverju sinni.  |
| <b>Innlausnartími</b>     | Hlutdeildarskírteini sjóðsins skulu innleyst að kröfu eigenda á því kaupgengi sem gildir í dagslok á innlausnardag. Uppgjörstími er T+2.   |
| <b>Arðgreiðslur</b>       | Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður. Afborgunum, vöxtum og öðrum hagnaði af verðbréfaeign sjóðsins skal bætt við höfuðstól sjóðsins.  |
| <b>Fjárhæð</b>            | Lágmarksfjárfesting í sjóðnum er 100 EUR að söluverði en 50 EUR að söluverði í áskrift.  |
| <b>Réttindi</b>           | Allir, sem eiga hlutdeildarskírteini að sjóðnum eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins í hlutfalli við hlutdeild sína.   |

Athygli fjárfesta er vakin á því að öll viðskipti með fjármálagerna, þ.m.t. hlutdeildarskírteini sjóðsins, eru áhættusöm. Ávöxtun hlutdeildarskírteina sjóðsins kann að sveiflast mjög frá einum tíma til annars. Þá getur verðmæti hlutdeildarskírteina rýrnað og fjárfestar tapað fjárfestingu sinni að hluta eða öllu leyti. Þá er á það bent að innstæður sjóða um sameiginlega fjárfestingu njóta ekki tryggingarverndar samkvæmt lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Athygli fjárfesta er vakin á því að til þess að Stefnir geti efnt skuldbindingar sínar samkvæmt reglum þessum er nauðsynlegt að safna og vinna með persónuupplýsingar, í samræmi við lög og reglur. Stefnir hefur sett sér persónuverndarstefnu sem aðgengileg er á heimasíðu félagsins, [www.stefnir.is](http://www.stefnir.is).

Hægt er að nálgast þau skjöl sem vitnað er til í útboðslýsingu þessari á starfsstöð Stefnis hf. að Borgartúni 19, á heimasíðu Stefnis og afgreiðslustöðum Arion banka.

## UPPLÝSINGAR UM SJÓÐINN

### *Starfsemi*

Stefnir – Scandinavian Fund er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Sjóðurinn hefur ekki heimild til markaðssetningar í öðrum ríkjum en Íslandi.

Um verðbréfasjóði gilda aðrar reglur en gilda um fjárfestingarsjóði, skv. lögum nr. 128/2011, t.d. varðandi fjárfestingarheimildir og innlausnarskyldu. Fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða eru takmarkaðri skv. lögnum. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér umfjöllun um áhættu og sérstaklega kaflann um fjárfestingarheimildir sjóðsins.

Sjóðurinn starfar í einni deild.

Sjóðurinn var stofnaður 5. mars 2007.

Útboðslýsingu þessa, lykilupplýsingar, reglur og reglulegar skýrslur um starfsemi sjóðsins auk upplýsingablaða má fá á skrifstofu Stefnis hf. að Borgartúni 19, 105 Reykjavík. Þær er einnig hægt að nálgast á heimasíðu Stefnis, [www.stefnir.is](http://www.stefnir.is)

Fyrri útboðslýsing fyrir sjóðinn var gefin út þann 30. október 2019. Þessi útboðslýsing er gefin út 12. maí 2020.

### *Rekstrarfélagið*

Stefnir hf., kt. 700996-2479, Borgartún 19, 105 Reykjavík (einnig nefnt „rekstrarfélagið“) fer með rekstur sjóðsins í samræmi við lög nr. 128/2011. Rekstrarfélagið var stofnað þann 26. september 1996 og er útgefið hlutfé að fjárhæð 43,5 millj. kr. og er það allt greitt. Félagið er að fullu í eigu Arion banka hf. (einnig nefndur „Arion banki“ eða „bankinn“) og tengdra aðila. Rekstrarfélagið rekur fjölmarga sjóði um sameiginlega fjárfestingu, en yfirlit má finna í Viðauka II.

Rekstrarfélagið hefur fengið heimild til að stunda eignastýringu, fjárfestingarráðgjöf og vörslu og umsýslu í tengslum við hluti og hlutdeildarskírteini sjóða um sameiginlega fjárfestingu, sbr. 1.-3. tl. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Starfsemi félagsins felst einkum í rekstri sjóða um sameiginlega fjárfestingu og hefur það á að skipa starfsfólki sem hefur sérhæft sig í stjórnun fjárfestingarsamvals sjóða um sameiginlega fjárfestingu og sérgreindra verðbréfasafna fagfjárfesta.

Stjórn Stefnis skipa Sigrún Ragna Ólafsdóttir, formaður, kt. 180863-3629, sjálfstætt starfandi, Jón Óttar Birgisson, varaformaður, kt. 090474-4059, framkvæmdastjóri Stöplar Advisory ehf. og Guðfinna Helgadóttir, kt. 260176-4989, sérfræðingur hjá Arion Banka hf.

Varastjórn skipa Ásgerður Hrönn Sveinsdóttir, sviðsstjóri á viðskiptabankasviði hjá Arion banka hf. og Þórhallur Örn Guðlaugsson dósent við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.

Framkvæmdastjóri Stefnis er Jökull H. Úlfsson, kt. 200763-2119.

Rekstrarfélag skal starfrækja verðbréfasjóð í samræmi við góða viðskiptahætti og venjur með trúverðugleika markaðarins og hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi, sbr. 19. gr. laga nr. 128/2011.

Ef verðbréfasjóður fjárfestir í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu, sem stjórnað er beint eða með umboði af sama rekstrarfélagi, eða öðru félagi sem rekstrarfélagið tengist í gegnum sameiginlegan rekstur eða stjórnendur, eða með umtalsverðri beinni eða óbeinni eignarhlutdeild, er rekstrarfélaginu ekki heimilt að taka þóknun fyrir áskrift eða innlausn fyrir fjárfestingu í sjóðunum, sbr. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 128/2011.

### **Vörslufyrirtæki**

Vörslufyrirtæki sjóðsins er Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík. („Arion“). Arion veitir alhliða bankaþjónustu og starfrækir m.a. verðbréfaþjónustu skv. lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Stjórn Arion banka hf. skipa Brynjólfur Bjarnason, Herdís Dröfn Fjeldsted, Gunnar Sturluson, Liv Fiksdahl, Paul Richard Horner, Renier Lemmens og Steinunn Kristín Þórðardóttir Bankastjóri Arion banka hf. er Benedikt Gíslason.

Stefnir hefur úthýst vörslu fjármálagerninga, uppgjöri viðskipta og fleiri verkefnum skv. 17. gr. laga nr. 128/2011 til Arion banka hf. á grundvelli heimildar til slíks skv. 1. mgr. 18. gr. laganna. Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laganna hefur útivistun verkefna skv. 17. gr. engin áhrif á ábyrgð Stefnis gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina. Stefnir getur einn tekið ákvörðun um að skipta um vörslufyrirtæki sjóðsins og er slík ákvörðun háð samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Lögbundin verkefni vörslufyrirtækis koma m.a. fram í 20. gr. laga nr. 128/2011. Í 1. mgr. 22. gr. laganna kemur jafnframt fram að vörslufyrirtæki beri ábyrgð gagnvart rekstrarfélagi og eigendum hlutdeildarskírteina vegna tjóns sem þeir kunna að verða fyrir og rekja má til ásetnings eða gáleysis starfsmanna vörslufyrirtækis við framkvæmd verkefna þess skv. 20. gr. laganna.

Rekstrarfélag og vörslufyrirtæki skulu vera óháð í störfum sínum og ætíð hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 128/2011.

### **Söluaðili**

Stefnir hefur úthýst að hluta markaðssetningu og þjónustu við viðskiptavini skv. 17. gr. laga nr. 128/2011 til Arion banka hf. á grundvelli heimildar til slíks skv. 1. mgr. 18. gr. laganna. Bankinn annast þjónustu við þá sem vilja fjárfesta í sjóðnum eða óska eftir upplýsingum í tengslum við fyrirhugaða fjárfestingu í sjóðnum og annast milligöngu um útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina.

### **Endurskoðandi**

Endurskoðandi sjóðsins og rekstrarfélagsins er Deloitte ehf., kt 521098-2449, Smáratorgi 3, 201 Kópavogi. Fyrir hönd Deloitte ehf. fara Páll Grétar Steingrímsson, kt. 250165-4209 og Pétur Hansson, kt. 130382-4609, löggiltir endurskoðendur með endurskoðun sjóðsins.

**Fjárfestingarstefna**

Markmið sjóðsins er að fjárfesta einkum í hlutabréfum hlutafélaga skráðum á erlendum hlutabréfamörkuðum. Sjóðurinn mun fjárfesta í hlutabréfum skráðra hlutafélaga í Danmörku, Finnlandi, Noregi, Svíþjóð, Eystrasaltsríkjunum og Íslandi. Markmið sjóðsins er ekki að endurspegla ákveðna vísitölu en sjóðurinn mun hafa það að markmiði miða ávöxtun og eignasamsetningu við MSCI Nordic, sem telst því viðmiðunarvísitala sjóðsins. Sjóðurinn starfar í einni deild.

Markmið sjóðsins er að fjárfesta einkum í hlutabréfum hlutafélaga sem hafa verið tekin til viðskipta í erlendum skipulegum verðbréfamörkuðum.

Fjárfestingar skulu aðallega miðast við hlutabréf útgefin af hlutafélögum sem hafa dreifða eignaraðild og tryggan endursölumarkað. Hlutabréfasafnið mun á hverjum tíma innihalda hlutabréf ekki færri en tuttugu mismunandi útgefanda. Þetta munu vera vel seljanleg erlend hlutabréf skráð í viðurkenndum erlendum kauphöllum. Sjóðurinn mun að stærstum hluta samanstanda af bréfum fyrirtækja sem tilheyra Skandinavíu, en sjóðnum er þó heimilt að fjárfesta allt að 15% af eignum sínum í fyrirtækjum sem tilheyra Eystrasaltsríkjunum. Þá er sjóðnum heimilt að fjárfesta allt að 10% af eignum sínum í innlendum fyrirtækjum. Stefnir - Scandinavian Fund mun beina fjárfestingum sínum að þeim fjárfestingarkostum sem að mati rekstrarfélags sjóðsins eru líklegastir til að skila sem bestri ávöxtun með tilliti til áhættu. Þá er sjóðnum heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum kauphallarsjóða (e. Exchange Traded Funds – ETF's) sem falla að fjárfestingarstefnu hans, enda sé um að ræða verðbréfasjóði eða aðra sjóði sem uppfylla ákvæði UCITS-tilskipunarinnar. Að auki mun sjóðurinn nýta sér innlán fjármálafyrirtækja og peningamarkaðssjóði.

Í samræmi við lög nr. 128/2011 hefur sjóðurinn heimild til að binda fé sitt í afleiðum svo fremi sem þær séu innan þeirra fjárfestingartakmarkana sem um sjóðinn gilda, sbr. einkum 5. og 6. tölul. 30. gr., 34. gr. og 42. gr. laganna.

Heimilt er að nota afleiður fyrir allt að 25% af eignum sjóðsins til að framfylgja fjárfestingarstefnu sjóðsins með stöðutöku í undirliggjandi fjármálagerningi viðkomandi afleiðu. Einungis eru notaðir framvirkir samningar (e. forwards) og framtíðarsamningar (e. futures) til stöðutöku í hlutabréfum og hlutabréfavísitölum. Ef verðþróun á markaði er mjög óhagkvæm getur sjóðurinn tapað því sem nemur verðbreytingu samningsins. Ef notast er við afleiður skal sjóðurinn eiga í lausu fé þá upphæð sem hann getur að hámarki tapað vegna afleiðusamningsins, þ.e.a.s. sem samsvarar verðmæti undirliggjandi eignar afleiðusamningsins.

Stefnir - Scandinavian Fund er verðbréfasjóður og takmarkast fjárfestingarheimildir sjóðsins við F-hluta II. kafla laga nr. 128/2011. Þannig er honum óheimilt að binda meira en 10% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum útgefnum af sama útgefanda. Einnig gildir að ef sjóðurinn fjárfestir meira en 5% í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda skal samtala slíkra fjárfestinga ekki fara yfir 40% af eignum hans.

| <b>Sundurliðun fjárfestingaheimilda Stefnis - Scandinavian Fund</b>                       | <b>%</b> |
|---|----------|
| Hlutabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á erlendum skipulegum verðbréfa-<br>mörkuðum | 80-100%  |
| Innlán fjármálafyrirtækja   | 0-10%    |
| Peningamarkaðssjóðir  | 0-10%    |
| Hlutdeildarskírteini kauphallarsjóða  | 0-10%    |
| Afleiður vegna stöðutöku  | 0-25%    |
| Innlend hlutabréf   | 0-10%    |

### *Áhætta*

#### *Almennt*

Sjóðurinn er ætlaður almenningi sem og fagfjárfestum, s.s. lífeyrissjóðum og fyrirtækjum, sem velja sér fjárfestingakosti sem fela í sér sjóði um sameiginlega fjárfestingu í rekstri og umsjón fagaðila skv. lögum og eftirliti sem um slíkan sjóð gildir á hverjum tíma. Fjárfesting í hlutdeildarskírteinum sjóða um sameiginlega fjárfestingu er að jafnaði öruggari en þegar keypt eru einstök verðbréf þar sem sjóðir dreifa áhættu fjárfesta með kaupum á fleiri en einum flokki verðbréfa.

Öll viðskipti með fjármálagerninga, þ.m.t. hlutdeildarskírteini sjóðsins, eru áhættusöm. Ávöxtun hlutdeildarskírteina sjóðsins kann að sveiflast mjög frá einum tíma til annars. Þá getur verðmæti hlutdeildarskírteina rýrnað og fjárfestar tapað fjárfestingu sinni að hluta eða öllu leyti.

#### *Áhættuflokkun*

Stefnir hefur skipt sjóðum í rekstri félagsins í sjö flokka eftir staðalfráviki vikulegrar ávöxtunar sl. 5 ára. Flokkur 1 ber minnstu sveiflurnar í ávöxtun en flokkur 7 mestu sveiflurnar. Flokkun sjóðs getur breyst ef sveiflur undirliggjandi fjármálagerninga taka breytingum. Flokkunin grundvallast á leiðbeiningum Evrópsku verðbréfaeftirlitsstofnuninni (e. ESMA) um útreikning mælikvarðans. Mælikvarðinn, sem er birtur í lykilupplýsingum fyrir sjóðinn, byggir eingöngu á sögulegum sveiflum í ávöxtun. Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um ávöxtun í framtíð og tekur ekki mið af þeim ýmsu áhættum sem verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir kunna að búa við í rekstri sínum.

Mælikvarðinn, sem er birtur í lykilupplýsingum fyrir sjóðinn, byggir eingöngu á sögulegum sveiflum í ávöxtun. Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um ávöxtun í framtíð og tekur ekki mið af þeim ýmsu áhættum sem verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir kunna að búa við í rekstri sínum.

#### *Áhætta tengd fjármálagerningum*

Margvísleg atriði geta valdið verðlækkun á fjármálagerningum sem sjóðurinn hefur fjárfest í og þar með á gengi hlutdeildarskírteina í sjóðnum, s.s. ófyrirséðir atburðir og almennt efnahagsástand. Einnig getur ný eða breytt löggjöf Alþingis haft áhrif á gengi hlutdeildarskírteina. Þá má geta svokallaðrar seljanleikaáhættu, þ.e. áhættan á að ekki reynist



unnt að selja verðbréf þegar vilji stendur til. Áhættan birtist bæði með þeim hætti að markaðurinn geti ekki tekið við því magni sem til stendur að selja þar sem kaupendur vantar, en einnig er verðmyndun oft með þeim hætti að verulegur munur er á kaup- og sölugengi og því næst ekki sá árangur við sölu sem vænst hafði verið.

#### *Afleiðunotkun*

Sjóðurinn hefur heimild til að binda fé sitt í afleiðum samkvæmt þeim skilyrðum sem sett erum samkvæmt lögum nr. 128/2011, sbr. einkum 5. og 6. tl. 30. gr., 34. gr., og 42. gr. laganna. Viðskipti með afleiður geta dregið úr áhættu sjóðsins, s.s. endurfjárfestingaráhættu. Viðskiptin geta einnig virkað á svipaðan hátt og stöðutaka í viðkomandi fjármálagerningi og þannig aukið áhættu sjóðsins.

Afleiður sjóðsins geta verið í formi framvirkra samninga eða vilnana. Í tilviki framvirkra samninga skuldbindur sjóðurinn sig til þess að eiga viðskipti með fjármálagerninga á fyrirfram ákveðnu verði og tíma í framtíðinni. Þannig myndast skuldbinding í sjóðnum vegna þessara framtíðar viðskipta. Verðmæti framvirka samningsins sveiflast svo með breytingu á gengi undirliggjandi eignar og hefur þannig áhrif á innra virði sjóðsins. Í tilviki vilnana kaupir eða selur sjóðurinn rétt til þess að eiga viðskipti með fjármálagerninga á fyrirfram ákveðnu verði og tíma í framtíðinni. Kaupi sjóðurinn vilnun takmarkast áhætta sjóðsins við það verð sem hann greiddi fyrir vilnunina. Selji hann hins vegar vilnun, fær hann greitt fyrir söluna en skuldbindur sig jafnframt til að eiga viðskipti með undirliggjandi fjármálagerninga skv. skilmálum vilnunarinnar.

#### *Aðrar áhættur tengdar fjárfestingu í sjóðnum*

1. *Markaðsáhætta* vísar til þeirra áhrifa sem hugsanlegar breytingar á gengi fjármálagerninga getur haft á gengi sjóðsins. Fjármálagerningar í eðli sínu sveiflast í verði og getur gengi þeirra bæði hækkað sem og lækkað sem skilar sér í markaðsáhættu fyrir sjóðsfélaga.
2. *Greiðsluáhætta*. Þar sem sjóðurinn mun eiga, kaupa og selja fjármálagerninga af þriðja aðila er sú hættu fyrir hendi að kaupandi greiði ekki fyrir selda gerninga eða að seljandi afhendi ekki gerninga sem sjóðurinn hefur keypt.
3. *Vörslu- og uppgjörshætta*. Rekstrarfélag sjóðsins felur vörslufyrirtæki vörslu allra fjármálagerninga sjóðsins. Sú áhætta er fyrir hendi að slíkir fjármálagerningar glatist vegna gjaldþrots vörsluaðila, vanrækslu vörsluaðila, misnotkun hans eða svika. Sú hættu er einnig fyrir hendi að mistök eigi sér stað við uppgjör sjóðsins.
4. *Áhætta höfuðstóls*. Fjármálagerningar í eðli sínu geta sveiflast í verði og höfuðstóll getur því rýnað yfir skemmri eða lengri tíma vegna sveiflna á þeim fjármálagerningum sem sjóðurinn er fjárfestur í á hverjum tíma. Þá fylgir því ávallt jafnframt áhætta að fjárfesta í hverskonar skuldaviðurkenningum um að lántaki muni ekki geta endurgreitt þá skuld sem um ræðir hverju sinni. Jafnvel þó að fjárfestingar sjóðsins í samræmi við 1. – 3. tl. 1. mgr. 2. gr. reglna sjóðsins í skuldabréfum þar sem tiltekna tryggingar eru settar fram til þess að auka líkur á því að viðkomandi lántaki geti greitt viðkomandi skuld til baka þá er ávallt möguleiki á að svo verði ekki þegar á reynir. Tryggingar kunna að lækka í

virði eða af einhverju ástæðum að þær eru ekki til taks þegar á reynir við fullnustu vegna vanefnda lántaka. Getur það leitt til þess að höfuðstóll viðkomandi skuldar verði ekki greiddur til baka að hluta til eða öllu leyti. Sama á við um áfallna vexti eða verðbætur á viðkomandi skuld. Sömu sjónarmið geta einnig átt við um fjárfestingar sjóðsins í samræmi við 4. – 8. tl. 1. mgr. 2. gr. reglna sjóðsins.

5. *Verðbólguáhætta.* Þar sem sjóðurinn fjárfestir í innlánnum, víxlum, skuldabréfum og öðrum stuttum fjármálagerningum sem geta verið óverðtryggð, er umtalsverð verðbólguáhætta í sjóðnum, sú áhætta skapast af því ef verðbólga til skemmri eða lengri tíma verði hærrí en ávöxtun sjóðsins. Þá rýrna eignir sjóðsins og þar með hlutdeildarskírteini sjóðsins að raunvirði.
6. *Ytri ástæður* á borð við stríð, hryðjuverk og stjórnmálalegan óstöðugleika eða annað því tengt geta haft áhrif á gengi fjármálagerninga og telst því áhættuþáttur fyrir sjóðsfélaga.
7. *Mótaðilaáhætta og áhætta tengd innlánnum og öðrum lánveitingum sjóðsins.* Þar sem tiltekinn hluti eigna sjóðsins er ávallt í innlánnum fjármálafyrirtækis, eins eða fleiri, veltur greiðsla innlána á greiðslugetu viðkomandi fjármálafyrirtækis/fjármálafyrirtækja. Sú áhætta er fyrir hendi að viðkomandi fjármálafyrirtæki þar sem sjóðurinn hefur fjárfest í innlánnum geti ekki greitt þau að fullu til baka sem myndi valda sjóðnum og hlutdeildarskírteinishöfum tjóni með lækkun á virði hlutdeildarskírteina. Sjóðurinn getur fjárfest bæði í óbundnum og bundnum innlánnum (stundum nefnt heilðsöluinnlán eða peningamarkaðsinnlán) en meiri áhætta fylgir almennt fjárfestingu í bundnum innlánnum. Þá hefur sjóðurinn heimild til þess að fjárfesta í víxlum, skuldabréfum og öðrum skuldaviðurkenningum með ábyrgð íslenska ríkisins. Í þeim tilvikum geta útgefendur verið aðrir en íslenska ríkið og komi til greiðslufalls þeirra getur sjóðurinn og þá hlutdeildarskírteinishafar orðið fyrir tjóni, t.a.m. á formi tapaðra vaxta þar til ríkisábyrgð eru uppfyllt. Einnig ef íslenska ríkið stendur ekki við skuldbindingar sínar mun það valda sjóðnum og hlutdeildarskírteinum tjóni.
8. *Áhætta tengd endurhverfum viðskiptum.* Sjóðurinn hefur heimild til þess að eiga endurhverf viðskipti við fjármálafyrirtæki. Sú áhætta er fyrir hendi að mótaðili sjóðsins í endurhverfum viðskiptum geti ekki staðið við skuldbindingar sínar og því þurfi sjóðurinn að ganga að undirliggjandi fjármálagerningi (veði) og selja á markaði. Fáist ekki að fullu upp í skuldbindingu mótaðila við sölu undirliggjandi eignar getur það valdið sjóðnum og hlutdeildarskírteinum tjóni til lækkunar á virði hlutdeildarskírteina.

### ***Réttindi eigenda hlutdeildarskírteina***

Þeir sem fá sjóðnum fjármuni fá í hendur kvittun fyrir kaupum á hlutdeildarskírteinum sem staðfestir að lágmarki, kaupdag, fjölda eininga og kaupverð. Þeir sem þess óska fá í hendur hlutdeildarskírteini, sbr. 3. mgr. 23. gr. laga nr. 128/2011. Á hlutdeildarskírteini verður getið nafns sjóðsins, rekstrarfélags, nafns og kennitölu upphaflegs eiganda skírteinis og númers þess. Auk þess verða upplýsingar um hvernig hlutdeildarskírteini verða innleyst, hvaða reglur gilda um arðgreiðslur auk nafns og kennitölu framsalshafa, hafi skírteini gengið kaupum og sölum án innlausnar þess. Hlutdeildarskírteini skulu vera dagsett og undirrituð af stjórn rekstrarfélags sjóðsins eða þeim sem hún hefur gefið umboð til þess. Nafnríttunin má vera prentuð eða sett fram á annan sambærilegan hátt.

Allir, sem eiga hlutdeild í sjóðnum, eiga sama rétt til eigna og tekna í hlutfalli við eign sína og eru hlutdeildarskírteinin staðfesting á hlutdeild til verðbréfaeignar sjóðsins. Hlutdeildarskírteinum fylgir ekki atkvæðisréttur.

Stefnir hf. fer með æðsta vald í málefnum sjóðsins og getur gert breytingar á reglum hans. Breytingar á reglum sjóðsins öðlast þó ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins. Tilkynna ber eigendum hlutdeildarskírteina um sérhverja breytingu á reglum sjóðsins í samræmi við ákvæði laga nr. 128/2011. Tillaga um slit sjóðsins og samruna við aðra sjóði skal fara eftir reglum sjóðsins.

### ***Kaup og sala hlutdeildarskírteina***

Hlutdeildarskírteini verða einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs. Sjóðurinn gefur út hlutdeildarskírteini í einingaformi. Lágmarksfjárfesting hluta er EUR 100 að söluverði en lágmark í áskrift er EUR 50.

Umsóknir um innlausnir, sem berast söluaðila fyrir lokunartíma sjóðsins, á opunardegi Arion banka hf., ber að afgreiða samdægurs. Umsóknir, sem berast eftir þennan frest, ber að afgreiða á næsta opunardegi bankans.

Hlutdeildarskírteini sjóðsins skulu innleyst að kröfu eigenda á því kaupgengi sem gildir í dagslok á innlausnardegi. Lokunartími sjóðsins er kl. 12:00 hvern virkan dag, sem jafnframt er opunardagur Arion banka hf. Uppgjör sjóðsins vegna kaupa og sölu hlutdeildarskírteina er T+2, þ.e.a.s. það á sér stað annan virka dag eftir að fyrirmæli um kaup eða sölu hlutdeildarskírteina eru gerð.

Innlausnarverð hlutdeildarskírteina fer eftir þeim lagareglum sem gilda um framkvæmd útreiknings á innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða hverju sinni.

Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður. Ekki verður greiddur út arður af hlutdeildarskírteinum sjóðsins. Arði og öðrum hagnaði af verðbréfaeign sjóðsins skal bætt við höfuðstól sjóðsins.

### ***Sölugengi og innlausnarvirði***

Arion banki hf. annast skráningu á verðmæti verðbréfa og annarra eigna sjóðsins. Varðandi illseljanlegar eignir, skráðar sem óskráðar, hefur sérstök verðmatsnefnd umsjón með verðmati á slíkum eignum undir eftirliti vörslufélagsins.

Söluþóknun er innifalin í sölugengi. Kaupendur greiða til viðbótar gjald við afgreiðslu og einnig gjald við útgáfu hlutdeildarskírteina ef farið er fram á útgáfu hlutdeildarskírteinis, en hvort tveggja telst vera „skírteinisgjald“.

Sölugengi breytist í samræmi við breytingar á markaðsaðstæðum, enda grundvallast gengi hlutdeildarskírteina í sjóðnum á verðmæti þeirra verðbréfa sem sjóðurinn fjárfestir í. Slíkar breytingar mun Stefnir hf. birta á heimasíðu sinni.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina í sjóðinn er markaðsvirði samanlagðra eigna sjóðsins að frádregnum skuldum hans á gengisdag, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefina og óinnleysta hlutdeildarskírteina. Um útreikning

á innlausnarvirði og mat á markaðsvirði eigna fer að öðru leyti skv. gildandi reglugerð á hverjum tíma.

Kaup- og sölugengi hlutdeildarskírteina sjóðsins skal reiknað út einu sinni á hverjum opunardegi.

Auk umsýslubóknunar og afgreiðslugjalds rennur sölubóknun til Stefnis hf. fyrir sölu og innlausn hlutdeildarskírteina í sjóðnum. Sölu- og innlausnarþóknun er að hámarki samtals 2,00%. Sölubóknun endurspeglast í mun kaup- og sölugengis á hverjum tíma og í dag er hún 2,00%. Ekkert innlausnargjald er innheimt við innlausn eininga í sjóðnum.

### ***Ársreikningur og hálfársuppgjör***

Endurskoðaður ársreikningur Stefnis hf. skal vera aðgengilegur hlutdeildarskírteinishöfum eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs, sem er frá 1. janúar til 31. desember. Hálfársuppgjör skal ennfremur liggja frammi á heimasíðu Stefnis eigi síðar en tveimur mánuðum eftir lok hvers uppgjörs til afhendingar án endurgjalds til hlutdeildarskírteinishafa. Í ársskýrslu og árshlutauppgjörum rekstrarfélagsins skulu sérgreindar upplýsingar um sjóðinn.

### ***Skattamál***

Hagnaður af innlausn hlutdeildarskírteina sjóðsins er skattskyldur á Íslandi og fer um skattskyldu hagnaðar samkvæmt lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 og staðgreiðslu samkvæmt lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Arion banki hf., vörslufyrirtæki sjóðsins, sér um að standa skil á fjármagnstekjuskatti en hann reiknast þegar hlutdeildarskírteini eru seld með hagnaði eða þegar tekjur eru greiddar af hlutdeildarskírteinum. Um frekari skattlagningu getur verið að ræða.

Varðandi aðila búsetta í öðrum löndum en á Íslandi er athygli vakin á að kanna hvort um sé að ræða skattlagningu umfram þá sem er á Íslandi.

### ***Rekstrarkostnaður og þóknanir***

Stefnir á rétt á þóknun fyrir að annast daglegan rekstur sjóðsins sem og Arion banki hf. fyrir að hafa með höndum umsjón með reikningshaldi og vörslu fjármálagerna hans. Þá er afgreiðslugjald innheimt samkvæmt gjaldskrá Arion banka.

Öll gjöld og þóknanir dragast frá tekjum og síðan frá verðmætaaukningu eigna og loks frá eignum sjóðsins.

Þóknun Stefnis hf. fyrir rekstur sjóðsins skal að hámarki nema 2,50% p.a. af meðaltali verðmætis hreinnar eignar sjóðsins meðan hann er starfræktur, en í dag nemur þóknunin 1,65% p.a. Þóknun Arion banka hf. fyrir umsjón og vörslu fjármálagerna sjóðsins er innifalinn í þóknun Stefnis.

Beinn útlagður kostnaður vegna reksturs sjóðsins er ekki innifalinn í þóknun rekstrarfélagsins og sama á við um kostnað vegna Fjármálaeftirlits. Rekstrarfélagið áskilur sér jafnframt rétt til að krefjast endurgreiðslu kostnaðar svo sem vegna fjármálakerfa, annarra en eignastýringarkerfa, kostnað vegna áskriftar að verðbréfavísitölum ef um það er að ræða, hugbúnaðar, endurskoðunar, lögfræðikostnaðar og póst og pappírskostnaðar og annars slíks.

Gjaldfærður kostnaður vegna framangreindra liða má þó ekki verða hærri en sem nemur 0,10% af verðmæti meðaltals hreinnar eignar sjóðsins á ársgrundvelli.

Leiði sérstakar aðstæður til þess að verja þarf hagsmuni sjóðsins með aðgerðum sem fyrirsjáanlega fara umtalsvert fram úr framangreindu hlutfalli má gjaldfæra kostnað vegna þess hjá sjóðnum, enda leiði mat Stefnis til þeirrar niðurstöðu að hagsmunum sjóðfélaga sé best borgið með þeim hætti. Slík gjaldfærsla er háð tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins.

### ***Slit sjóðsins***

Ef samanlagt markaðsverðmæti verðbréfa og annarra fjármálagerninga sjóðsins fer undir 100.000.000 kr. skal stjórn rekstrarfélags sjóðsins kanna sérstaklega hvort hagstæðara sé fyrir hlutdeildarskírteinishafa að sjóðnum sé slitið. Ákvörðun um slit og sjóðsins skal tekin af Stefni hf. Þá tekur Stefnir hf. ákvörðun um samruna sjóðsins við aðra sjóði, með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa að leiðarljósi. Tilkynna skal slíka tilhögun sérhverjum hlutdeildarskírteinishafa bréfleiðis ásamt upplýsingum um eign þess aðila í sjóðnum. Ákvörðunin skal einnig auglýst í dagblöðum.

Tilkynning til hlutdeildarskírteinishafa skal meðal annars hafa að geyma ákvæði um skilmála slita og/eða samruna og tilgreinda dagsetningu gildistöku slitanna og/eða samrunans.

Á því tímabili sem líður frá því rekstrarfélagið sendir út tilkynningu og þar til samruni sjóðs tekur gildi, skulu hlutdeildarskírteinishafar sem ekki eru samþykkið samrunanum hafa tækifæri til að krefjast innlausnar allra hlutdeildarskírteina sinna samkvæmt þeim skilmálum sem gilda um innlausn.

Komi til slita sjóðsins skal Stefnir hf. koma eignum sjóðsins í verð með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa í fyrirrúmi og deila niður hreinum afrakstri af slíkum slitum, að frádregnum öllum kostnaði þeim tengdum, á hlutdeildarskírteinishafa í réttu hlutfalli við fjölda eininga í eigu þeirra. Stefni hf. er heimilt að deila niður eignum sjóðsins í heild eða að hluta til með framsali á verðbréfum til hlutdeildarskírteinishafa (e. in kind), á sanngjarnan hátt. Að þessu loknu skal endurskoðandi staðfesta skiptingu eigna. Afrakstur uppgjors sjóðsins sem enn er ógreiddur eftir lok skiptameðferðar, skal falinn Stefni hf. til vörslu.

### ***Verkefni sem heimilað hefur verið að útvista***

Stefnir hf. hefur útvistað eftirfarandi verkefnum til Arion banka hf., með samþykki Fjármálaeftirlitsins, samkvæmt 18. gr., sbr. 17. gr., laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði og fjárfestingasjóði.

- Útvistun áhættustýringar, annarrar en áhættustýringar safna. Þar með talið er umsjón og rekstur upplýsingakerfis, umsjón og rekstur ávöxtunarútreiknings, umsjón og eftirlit með þeim atriðum sem snúa að rekstraráhættu, innra mat á frjálsri eiginfjárbindingu og aðstoð og ráðgjöf við útfærslu á ICAAP skýrslu.
- Útvistun bókhalds- og uppgjörspjónustu
- Útvistun markaðssetningar
- Útvistun regluvörslu
- Útvistun starfsmannamála
- Útvistun upplýsingatækniþjónustu
- Útvistun sölu og þjónustu við hlutdeildarskírteinishafa.

- Útvistun viðskiptaumsjónar

Þá hefur eftirfarandi útvistun verkefna einnig verið samþykkt af Fjármálaeftirlitinu:

- Útvistun innri endurskoðunar, sbr. 16. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 2/2011
- Útvistun upplýsingakerfis, sbr. 15. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði og leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 5/2003.

## Fylgigögn

### *Viðauki I: Reglur Stefnis – Scandinavian Fund*

#### **Reglur Stefnir - Scandinavian Fund**

##### **1. gr.**

##### **Heiti sjóðsins, deildarskipting og grunnmynt.**

Nafn verðbréfasjóðsins er Stefnir - Scandinavian Fund. Kennitala sjóðsins er 430407- 9880.

Rekstrarfélag sjóðsins er Stefnir hf., kt. 700996-2479, Borgartún 19, 105 Reykjavík.

Sjóðurinn hefur heimild til markaðssetningar á Íslandi.

Sjóðurinn starfar í einni deild. Grunnmynt sjóðsins er evrur (EUR).

##### **2. gr.**

##### **Fjárfestingarstefna sjóðsins.**

##### *Fjárfestingarstefna*

Markmið sjóðsins er að fjárfesta einkum í hlutabréfum hlutafélaga skráðum á erlendum hlutabréfamörkuðum. Sjóðurinn mun fjárfesta í hlutabréfum skráðra hlutafélaga í Danmörku, Finnlandi, Noregi, Svíþjóð, Eyrstrasaltsríkjunum og Íslandi. Markmið sjóðsins er ekki að endurspeglar ákveðna vísitölu en sjóðurinn mun hafa það að markmiði miða ávöxtun og eignasamsetningu við MSCI Nordic, sem telst því viðmiðunarvísitala sjóðsins. Sjóðurinn starfar í einni deild.

##### *Fjárfestingarstefna*

Markmið sjóðsins er að fjárfesta einkum í hlutabréfum hlutafélaga sem hafa verið tekin til viðskipta í erlendum skipulegum verðbréfamörkuðum.

Fjárfestingar skulu aðallega miðast við hlutabréf útgefin af hlutafélögum sem hafa dreifða eignaraðild og tryggan endursölumarkað. Hlutabréfasafnið mun á hverjum tíma innihalda

hlutabréf ekki færri en tuttugu mismunandi útgefenda. Þetta munu vera vel seljanleg erlend hlutabréf skráð í viðurkenndum erlendum kauphöllum. Sjóðurinn mun að stærstum hluta samanstanda af bréfum fyrirtækja sem tilheyra Skandinavíu, en sjóðnum er þó heimilt að fjárfesta allt að 15% af eignum sínum í fyrirtækjum sem tilheyra Eystrasaltsríkjum. Þá er sjóðnum heimilt að fjárfesta allt að 10% af eignum sínum í innlendum fyrirtækjum. Stefnir - Scandinavian Fund mun beina fjárfestingum sínum að þeim fjárfestingarkostum sem að mati rekstrarfélags sjóðsins eru líklegastir til að skila sem bestri ávöxtun með tilliti til áhættu. Þá er sjóðnum heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum kauphallarsjóða (e. Exchange Traded Funds – ETF's) sem falla að fjárfestingarstefnu hans, enda sé um að ræða verðbréfasjóði eða aðra sjóði sem uppfylla ákvæði UCITS-tilskipunarinnar. Að auki mun sjóðurinn nýta sér innlán fjármálafyrirtækja og peningamarkaðssjóði.

Í samræmi við lög nr. 128/2011 hefur sjóðurinn heimild til að binda fé sitt í afleiðum svo fremi sem þær séu innan þeirra fjárfestingartakmarkana sem um sjóðinn gilda, sbr. einkum 5. og 6. tölul. 30. gr., 34. gr. og 42. gr. laganna.

Heimilt er að nota afleiður fyrir allt að 25% af eignum sjóðsins til að framfylgja fjárfestingarstefnu sjóðsins með stöðutöku í undirliggjandi fjármálagerningi viðkomandi afleiðu. Einungis eru notaðir framvirkir samningar (e. forwards) og framtíðarsamningar (e. futures) til stöðutöku í hlutabréfum og hlutabréfavisitölum. Ef verðþróun á markaði er mjög óhagkvæm getur sjóðurinn tapað því sem nemur verðbreytingu samningsins. Ef notast er við afleiður skal sjóðurinn eiga í lausu fé þá upphæð sem hann getur að hámarki tapað vegna afleiðusamningsins, þ.e.a.s. sem samsvarar verðmæti undirliggjandi eignar afleiðusamningsins.

Stefnir - Scandinavian Fund er verðbréfasjóður og takmarkast fjárfestingarheimildir sjóðsins við F-hluta II. kafla laga nr. 128/2011. Þannig er honum óheimilt að binda meira en 10% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum útgefnum af sama útgefanda. Einnig gildir að ef sjóðurinn fjárfestir meira en 5% í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda skal samtala slíkra fjárfestinga ekki fara yfir 40% af eignum hans.

#### Sundurliðun fjárfestingaheimilda Stefnis - Scandinavian Fund %

|   |         |
|---|---------|
| Hlutabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á erlendum skipulegum verðbréfa-mörkuðum | 80-100% |
| Innlán fjármálafyrirtækja   | 0-10%   |
| Peningamarkaðssjóðir  | 0-10%   |
| Hlutdeildarskírteini kauphallarsjóða  | 0-10%   |
| Afleiður vegna stöðutöku  | 0-25%   |
| Innlend hlutabréf   | 0-10%   |

**3. gr.****Verkefni sjóðsins.**

Stefnir hf., kt. 700996-2479, fer með rekstur sjóðsins í samræmi við lög nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

Vörslufyrirtæki sjóðsins er Arion banki hf. kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík. Stefnir hf. er óheimilt að skipta um vörsluaðila nema að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Auk verðbréfavörslu sinnir Arion banki ýmsum öðrum verkefnum í rekstri sjóðsins. Samkvæmt 18. gr. laga nr. 128/2011 hefur rekstrarfélag sjóðsins fengið samþykki Fjármálaeftirlitsins fyrir því að útvista til bankans ýmsum lögbundum verkefnum rekstrarfélagsins, s.s. að annast mat á verðmæti verðbréfa og annarra eigna sjóðsins. Varðandi illseljanlegar eignir, skráðar sem óskráðar, hefur sérstök verðmatsnefnd Stefnis umsjón með verðmæti á slíkum eignum í samvinnu við Arion banka. Samkvæmt sömu lagaheimild viðheldur bankinn skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina, annast útreikninga á innlausnarvirði sjóðsins og annast vörslu hlutdeildarskírteina og annarra gagna um viðskipti. Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laga nr. 128/2011 hefur útvistun á framangreindum lögbundnum verkefnum rekstrarfélagsins engin áhrif á ábyrgð félagsins gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina.

Arion banki annast og ber ábyrgð á bókhaldi og uppgjöri sjóðsins í samræmi við samþykktir sjóðsins, lög um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði og bókhaldslög. Arion banki hf. sér um að útbúa og senda efnahags- og rekstrarreikninga skv. lögum til endurskoðanda. Jafnframt skal Arion banki hf. senda skýrslu til Seðlabanka og skýrslu til Fjármálaeftirlitsins reglulega í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru vegna þeirra sjóða sem um ræðir. Aðrar skýrslugjafir til opinberra aðila vegna sjóðsins er jafnframt í höndum bankans ef efnið varðar þá þætti sem hann hefur tekið að sér samkvæmt samningnum.

Í lok hvers mánaðar sér Arion banki um að greiða eignastýringar- og vörsluþóknun fyrir sjóðina. Mánaðarlegt uppgjör sjóðanna, uppgjör til endurskoðanda, skýrslur til utanaðkomandi eftirlitsaðila og viðskiptamanna skal borið undir framkvæmdastjóra Stefnis hf. til umsagnar.

Arion banki hf. er söluaðili sjóðsins og annast þjónustu við þá sem fjárfesta í sjóðnum eða óska eftir upplýsingum í tengslum við fyrirhugaða fjárfestingu í sjóðnum og annast milligöngu um útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina. Stefnir hf. annast markaðssetningu og sölu hlutdeildarskírteina að öðru leyti.

Stefnir rekur fjölmarga verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóði. Félagið hefur gert samninga um þjónustukaup, með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa að leiðarljósi. Slíkir



samningar geta leitt til þess að afsláttur sé veittur af keyptri vöru eða þjónustu, sem viðskiptavinur og Stefnir skipta með sér. Slíkir samningar eru til hagsbóta fyrir sjóðina og þar af leiðandi fyrir hlutdeildarskírteinishafa þeirra. Afslættir eru misjafnir milli fyrirtækja og fara iðulega eftir því hversu mikla fjármuni er um að ræða í fjárfestingu hverju sinni. Frekari upplýsingar um framangreint er að fá hjá Stefni hf.

Um verkefni sjóðsins fer nánar skv. samningum Stefnis hf. og viðkomandi aðila.

#### **4. gr.**

##### **Þóknunir.**

Þóknun Stefnis hf. fyrir rekstur sjóðsins skal að hámarki nema 2,5% p.a. af meðaltali verðmætis hreinnar eignar sjóðsins meðan hann er starfræktur, en nú nemur þóknunin 1,65%.

Þóknun Arion banka hf. fyrir umsjón og vörslu fjármálagerninga sjóðsins er innifalin í þóknun Stefnis hf.

Auk umsýsluþóknunar rennur söluþóknun til Stefnis hf. fyrir sölu hlutdeildarskírteina í sjóðnum. Sölu- og innlausnarþóknun er að hámarki samtals 2%. Söluþóknun endurspeglast í mun kaup- og sölugengis á hverjum tíma og í dag er hún 2%. Innlausnargjald er í dag 0%.

Beinn útlagður kostnaður vegna reksturs sjóðsins er ekki innifalinn í þóknun rekstrarfélagsins og sama á við um kostnað vegna Fjármálaeftirlits. Rekstrarfélagið áskilur sér jafnframt rétt til að krefjast endurgreiðslu kostnaðar svo sem vegna fjármálakerfa, annarra en eignastýringarkerfa, kostnað vegna áskriftar að verðbréfavísitölum ef um það er að ræða, hugbúnaðar, endurskoðunar, lögfræðikostnaðar og póst og pappírskostnaðar og annars slíks. Gjaldfærður kostnaður vegna framangreindra liða má þó ekki verða hærri en sem nemur 0,10% af verðmæti meðaltals hreinnar eignar sjóðsins á ársgrundvelli.

Leiði sérstakar aðstæður til þess að verja þarf hagsmuni sjóðsins með aðgerðum sem fyrirsjáanlega fara umtalsvert fram úr framangreindu hlutfalli má gjaldfæra kostnað vegna þess hjá sjóðnum, enda leiði mat Stefnis til þeirrar niðurstöðu að hagsmunum sjóðfélaga sé best borgið með þeim hætti. Slík gjaldfærsla er háð tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins.

#### **5. gr.**

##### **Útgáfa hlutdeildarskírteina og innlausn þeirra.**

Allir, sem eiga hlutdeild að sjóðnum, eiga sama rétt til eigna og tekna hans í hlutfalli við eign sína.

Hlutdeildarskírteini verða gefin út af Stefni hf. til þeirra sem fá sjóðnum fjármuni til ávöxtunar og óska eftir því. Hlutdeildarskírteini verða send þeim sem þess óska í ábyrgðarpósti eigi síðar en 30 dögum eftir að kaupin eiga sér stað og söluaðili hefur gefið út kvittun. Hlutdeildarskírteini sjóðsins verða einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs.

Hlutdeildarskírteini sjóðsins skulu innleyst að kröfu eigenda á því kaupgengi sem gildir í dagslok þann dag sem fyrirmæli um slíkt berast söluaðila sjóðsins, svo lengi sem slík fyrirmæli berast fyrir lokunartíma sjóðsins. Að öðrum kosti skal líta svo á að fyrirmælin hafi borist næsta virka dag. Lokunartími sjóðsins er kl. 12:00 Uppgjör sjóðsins vegna sölu miðast við T+2, þ.e.a.s. uppgjör á sér stað annan virkan dag. Heimilt er að fresta innlausn hlutdeildarskírteina, mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess, enda séu skilyrði laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði uppfyllt.

#### **6. gr.**

##### **Ráðstöfun arðs og annars hagnaðar.**

Arði og öðrum hagnaði af verðbréfaeign sjóðsins skal bætt við höfuðstól sjóðsins.

#### **7. gr.**

##### **Útreikningur á innlausnarvirði hlutar.**

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina í sjóðinn er markaðsvirði samanlagðra eigna viðkomandi deildar að frádregnum skuldum hennar við innlausn, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefna og óinnleysta hlutdeildarskírteina. Um útreikning á innlausnarvirði og mat á markaðsvirði eigna fer að öðru leyti skv. gildandi reglugerð á hverjum tíma.

#### **8. gr.**

##### **Um slit sjóðsins og samruna við aðra sjóði.**

Ef samanlagt markaðsverðmæti verðbréfa og annarra fjármálagerna sjóðsins fer undir 100.000.000 kr. skal stjórn rekstrarfélags sjóðsins kanna sérstaklega hvort hagstæðara sé fyrir hlutdeildarskírteinishafa að sjóðnum sé slitið. Ákvörðun um slit og sjóðsins skal tekin af Stefni hf. Þá tekur Stefni hf. ákvörðun um samruna sjóðsins við aðra sjóði, með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa að leiðarljósi. Tilkynna skal slíka tilhögun sérhverjum hlutdeildarskírteinishafa bréfleiðis ásamt upplýsingum um eign þess aðila í sjóðnum. Ákvörðunin skal einnig auglýst í dagblöðum.

Tilkynning til hlutdeildarskírteinishafa skal meðal annars hafa að geyma ákvæði um skilmála slita og/eða samruna og tilgreinda dagsetningu gildistöku slitanna og/eða samrunans og skal sú dagsetning vera minnst þremur vikum eftir útsendingu tilkynningar.

Á því tímabili sem liður frá því rekstrarfélagið sendir út tilkynningu og þar til samruni sjóðs tekur gildi, skulu hlutdeildarskírteinishafar sem ekki eru samþykkir samrunanum hafa tækifæri til að krefjast innlausnar allra hlutdeildarskírteina sinna samkvæmt þeim skilmálum sem gilda um innlausn.

Komi til slita sjóðsins skal Stefnir hf. koma eignum sjóðsins í verð með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa í fyrirrúmi og deila niður hreinum afrakstri af slíkum slitum, að frádregnum öllum kostnaði þeim tengdum, á hlutdeildarskírteinishafa í réttu hlutfalli við fjölda eininga í eigu þeirra. Stefni hf. er heimilt að deila niður eignum sjóðsins í heild eða að hluta til með framsali á verðbréfum til hlutdeildarskírteinishafa (e. in kind), á sanngjarnan hátt. Að þessu loknu skal endurskoðandi staðfesta skiptingu eigna. Afrakstur uppgjörs sjóðsins sem enn er ógreiddur eftir lok skiptameðferðar, skal falinn Stefni hf. til vörslu um sex mánaða tíma. Við lok þessa tímabils skulu eignir sem ekki hefur verið gerð krafa til, faldar Arion banka hf. til vörslu, í þágu þeirra er í hlut eiga.

Reykjavík, 11. nóvember 2006, með  
breytingum gerðum 20. desember 2007,  
8. apríl 2008, 4. janúar 2010, 19. janúar 2011,  
18. janúar 2012, 12. september 2014,  
21. maí 2015, 28. september 2015. 21.  
desember 2015 og 20. febrúar 2020

**Viðauki II: Yfirlit yfir sjóði**

Yfirlit yfir sjóði sem Stefnir hf. rekur við útgáfu þessarar útboðslýsingar

| <b>Heiti / eignaflokkur</b>                | <b>Kennitala</b> | <b>Tegund</b>       |
|--|------------------|---------------------|
| <b>Íslensk skuldabréf</b>                  |                  |                     |
| Stefnir - Ríkisskuldabréf verðtryggð       | 671009-9910      | Verðbréfasjóður     |
| Stefnir - Ríkisbréfasjóður óverðtryggður   | 630109-9810      | Verðbréfasjóður     |
| Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður millilangur | 650398-9129      | Verðbréfasjóður     |
| Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður langur      | 490499-9039      | Verðbréfasjóður     |
| Stefnir - Skuldabréfaval                   | 531213-9980      | Fjárfestingarsjóður |
| Stefnir – Lausafjársgjóður                 | 520412-9640      | Fjárfestingarsjóður |
| <b>Blandaðir sjóðir</b>                    |                  |                     |
| Stefnir - Samval                           | 561204-9180      | Fjárfestingarsjóður |
| Eignaval A                                 | 511005-8920      | Fjárfestingarsjóður |
| Eignaval B                                 | 511005-8840      | Fjárfestingarsjóður |
| Eignaval C                                 | 511005-9060      | Fjárfestingarsjóður |
| Eignaval Hlutabréf                         | 591112-9880      | Fjárfestingarsjóður |
| <b>Íslensk hlutabréf</b>                   |                  |                     |
| Stefnir ÍS-15                              | 470206-8450      | Fjárfestingarsjóður |
| <b>Alþjóðleg hlutabréf</b>                 |                  |                     |
| Stefnir - Scandinavian Fund                | 430407-9880      | Verðbréfasjóður     |
| Eignaval Erlent                            | 591110-9930      | Fjárfestingarsjóður |
| <b>Fagfjárfestasjóðir</b>                  |                  |                     |
| Stefnir ÍS-5                               | 4304079610       | Fagfjárfestasjóður  |
| Stefnir Íslenski athafnasjóðurinn 1        | 640210-9900      | Fagfjárfestasjóður  |
| Alþjóða fasteignasjóðurinn                 | 621104-9260      | Fagfjárfestasjóður  |
|  | 510111-9740      | Fagfjárfestasjóður  |
| KLS  | 700113-9810      | Fagfjárfestasjóður  |
| REG 1                                      | 680912-9390      | Fagfjárfestasjóður  |
| REG 2 - Smáralind                          | 621112-9960      | Fagfjárfestasjóður  |
| Ármúli lánasafn                            | 660614-9900      | Fagfjárfestasjóður  |
| SÍA II slhf.                               | 550512-2620      | Fagfjárfestasjóður  |
| SÍA III slhf.                              | 420216-0920      | Fagfjárfestasjóður  |
| ST1  | 4709169900       | Fagfjárfestasjóður  |
| <b>Lokaðir sjóðir</b>                      |                  |                     |
| Stefnir – Kjarabréf                        | 4210099960       | Verðbréfasjóður     |